



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Nútímabókmenntir

ÍSL3NB05

Kennsluáætlun – haustönn 2017

Kennarar áfangans:

Jón Özur Snorrason

Rósa Marta Guðnadóttir

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynnist nútímabókmenntum með áherslu á seinni hluta 20. aldar og fram til dagsins í dag. Nemendur lesa skáldsögur, smásögur og ljóð tímabilsins og vinna fjölbreytt verkefni í ræðu og riti.

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgerðarsmíð og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu bókmenntastefnum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta til birtingar
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- velja ritstíl sem hæfir aðstæðum
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- tjá rökstudda afstöðu

Kennslubækur og kennslugögn

Brynja Baldursdóttir, Hallfríður Ingimundardóttir. 2007. *Tíminn er eins og vatnið: íslensk bókmenntasaga 20. aldar.*

Hallgrímur Helgason. 2011. *Konan við 1000°: Herborg María Björnsson segir frá.*

Gísli Skúlason. 2005. *Hagnýt skrif. Kennslubók í ritun.*

Efni frá kennurum

Námsmat

Annareinkunn:

Mæting og virkni í tímum	10%
Vangaveltubók	10%
Ritgerð	20%
Lespróf úr <i>Konunni við þúsund</i> ^o	20%
Próf úr bókmenntasögu	10%
Ýmis verkefni	20%
Lokaverkefni	10%

Lokapróf:*

Munnlegt próf úr <i>Konunni við þúsund</i> ^o	40%
Skriflegt próf úr bókmenntasögu	60%

Annareinkunn gildir 50%

Lokapróf gildir 50%

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni (sjá nánari skilgreiningu á Moodle)

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni og próf í símati
18.-25. ág.	Kynning á áfanga: Kjörbók, annað námsefni, vangaveltubók, ýmis verkefni og vinnubrögð áfangans. Nútímabókmenntir	Kjörbók valin.
28. ág. – 1. Sept.	Ljóð og bókmenntatextar síðustu 20 ára. Lesefni frá kennara.	Vangaveltur skráðar. Verkefni.
4.-8. sept.	Póstmóðernismi – hræringur <i>Tíminn er eins og vatnið</i> bls. 259-263, 265-304.	Vangaveltur skráðar. Verkefni.
11.-15. sept.	Póstmóðernismi – Nýraunsæi <i>Tíminn er eins og vatnið</i> bls. 205-224, 233-239	Vangaveltur skráðar. Ígrundun og verkefni.
18.-22. sept.	Ritgerðarsmið Nýraunsæi <i>Tíminn er eins og vatnið</i> bls. 242-255	Allir eiga að hafa lokið við lestur kjörbókar. Ritgerðarsmið. Ritun í kennslustund upp úr kjörbók. Uppkasti á bókmenntaritgerð skilað.
25.-29. sept.	Móðernismi <i>Tíminn er eins og vatnið</i> bls. 136-153.	Vangaveltur skráðar. Verkefni.
2.-6. okt. miðannamat	Móðernismi Steinn Steinarr <i>Tíminn er eins og vatnið</i> bls. 154-190, 195-202.	Vangaveltur / ígrundun. Ljóðgreining. Verkefni úr smásögum. Ljóðasmiðja
9.-13. okt.	Ljóð- ljóðasmiðja	Stoð Skil á bókmenntaritgerð.

16.-20. okt.	Halldór Laxness <i>Tíminn er eins og vatnið</i> bls. 63-69, 106-122, 192-195. 242-244. Efni frá kennara um HKL	Ljóð og textar skoðaðir.
23.-27. okt.	Lokapróf í bókmenntasögu. Lokaverkefni úr bókmenntasögu	Lokapróf í bókmenntasögu í tvöfaldri kennslustund. Vinna við lokaverkefni
30. okt.-3. nóv	Lokaverkefni úr bókmenntasögu <i>Konan við þúsund</i> ^o	Flutningur Rannsóknarvinna og verkefni henni tengd.
6.-10. nóv.	<i>Konan við þúsund</i> ^o 1. – 42. kafli	Vangaveltur skráðar. Lespróf úr 1.-42. kafla í lok vikunnar.
13.-17. nóv.	<i>Konan við þúsund</i> ^o 43.- 82. kafli	Vangaveltur skráðar. Lespróf úr 43.-82. kafla.
20.-24. nóv.	<i>Konan við þúsund</i> ^o 83. – 114. kafli.	Vangaveltur skráðar. Lespróf úr 83.-114. kafla.
27.-nóv.-1. des.	<i>Konan við þúsund</i> ^o 115. – 155. kafli. Samantekt	Vangaveltur skráðar. Lespróf úr 115.-155. kafla. Vangaveltubók skilað.
4.-7. Des.	Samantekt	Munnleg próf úr <i>Konunni við þúsund</i> ^o

Kjörbækur

Allende, Isabel: *Eva Luna*

Álfrún Gunnarsdóttir: *Fórnarleikar*

Andersson, Per J: Ótrúleg saga Indverja sem hjólaði til Svíþjóðar á vit ástarinnar.

Auður Jónsdóttir: *Stóri skjálfti*

Auður Ava Ólafsdóttir: *Undantekningin*

Bjarni Harðarson: *Svo skal dansa*

Böðvar Guðmundsson: *Enn er morgun*

Einar Már Guðmundsson: *Hundadagar*

Dagur Hjartarson: *Síðasta ástarjátningin*

Ferrante, Elena: *Framúrskarandi vinkona*

Fríða Á. Sigurðardóttir: *Í húsi Júlíu*

Halldór Laxness: *Salka Valka*

Halldór Armand: *Drón*

Hannah, Kristin: *Næturgalinn*

Hermann Stefánsson: *Bjargræði*

Iðunn Steinsdóttir: *Hrólfssaga*

Ólafur Jóhann Ólafsson: *Málverkið*

Ragnheiður Jónsdóttir: *Póra – baráttusaga I*

Shaffer, Annie Barrows: *Bókmennta og kartöflubökufélagið*

Sigríður Hagalín: *Eyland*

Sjón: *Mánasteinn*

Sjöberg, Fredrik: *Flugnagildran*

Soffía Bjarnardóttir: *Segulskekkja*

Steinunn G. Helgadóttir: *Raddir úr húsi loftskammtamansins*

Sverrir Norland: *Fyrir allra augum*

Tryggvi Emilsson: *Fátækt fólk*

Vermers, Timur: *Aftur á kreik*

Unnur Birna Karlsdóttir: *Ævintýri um dauðann og saga af venjulegu fólki*

Hafið í huga...

Skilyrði fyrir próftökurétti nemenda er að bókmenntaritgerð sé skilað á réttum tíma! Allir þurfa að ná lágmarkseinkunninni 4,5 fyrir ritgerð. Ekki verður tekið við ritgerð eftir að skilafrestur rennur út nema samið hafi verið um slíkt og sérstakar ástæður komi til.

Nemendur sem missa af prófum/verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara að þeir eigi eftir að taka próf og óska eftir sjúkraprófi. Sjúkrapróf fara fram þegar nemandi mætir heill heilsu aftur í skólann.

Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té. Stefnt er að leikhúsfærð á önninni.

Notkun síma og sambærilegra tækja er ekki heimil í tímum nema í tengslum við námið. Ítrekuð óleyfileg notkun samsvarar fjarvist.

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf.

Jón Özur Snorrason jonozur@gmail.com

Rósa Marta Guðnadóttir rosamarta55@gmail.com